



Ásta Kristín Benediksdóttir,  
formaður vísindanefndar

# Frá Vísindasjóði FÍ

## Rannsóknir sem breyta faginu

Styrkir Vísindasjóðs FÍ eru veittir árlega til verkefna sem efla þekkingu, bæta þjónustu og hafa bein áhrif á líf fólks.

Vísindanefnd Félagsráðgjafafélags Íslands afhendir á Félagsráðgjafafingi í febrúar styrki til rannsóknar- og þróunarverkefna sem tengja fagþekkingu við raunverulegar áskoranir í starfi.

### STYRKÞEGAR 2026

#### Freyja Pálína Jónatansdóttir

*Virkniaðlögun og bjargráð: að lifa með einkennum long-COVID og ME/CFS.*

Rannsakar hvernig fólk með langvinn einkenni aðlagar daglegt líf og hvaða leiðir styðja virkni og lífsgæði.

#### Rut Sigurðardóttir

*Mat og greining á þjónustu Bergsins.*

Metur árangur þjónustu með áherslu á hvað nýtist og hvernig megi bæta þjónustu við fólk í viðkvæmri stöðu.

#### Aðalbjörg Jóhanna Bárudóttir

*Fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar og hlutverk hennar í að tryggja lágmarksframfærslu*

Greinir hvort aðstoðin tryggir raunverulega framfærslu og ber saman við önnur úrræði og fjölskylduáðstæður.

### HLUTVERK SJÓÐSINS

Vísindasjóður FÍ var stofnaður 1989 og styður þróun félagsráðgjafar með tvenns konar hætti:

- A-hluti – persónubundinn styrkur til sí- og endurmenntunar, greiddur út í febrúar ár hvert til þeirra sem greitt hefur verið fyrir í sjóðinn.
- B-hluti – styrkir rannsóknar- og þróunarverkefni

*Umsóknir í B-hluta eru auglýstar í apríl og október.*

### SÆKJA UM STYRK

Ertu með hugmynd sem getur skipt máli? Sæktu um í Vísindasjóð FÍ og taktu þátt í að móta framtíð félagsráðgjafar.

<https://felagsradgjof.is/visindanefnd/#:~:text=Application form for FÍ Science Fund>

